



FISKRÆKTARSJÓÐUR

Salmonid Enhancement Fund

VERKLAGSREGLUR 2009

I. UM FISKRÆKTARSJÓÐ

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

II. HVERJIR GETA FENGIÐ STYRK?

Styrkir Fiskræktarsjóðs eru ætlaði einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókn-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar styrkjum.

Umsækjendur eru hvattir til að leita eftir samvinnu einstaklinga, fyrirtækja og/eða stofnana og háskóla. Fiskræktarsjóður gerir kröfu um að séð sé fyrir endann á fjármögnun verkefnisins eða verkhlutans, sem sótt er um styrk til.

Veittir eru styrkir til eins árs í senn en verkefnin geta verið til mismunandi langs tíma, en senda skal inn framhaldsumsókn/framvinduskýrslu á hverju ári fyrir langtíma verkefni.

III. MISMUNANDI GERÐIR STYRKJA

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð tekur sjóðurinn á móti umsóknum vegna:

1. Verkefna sem stuðla að eflingu fiskræktar og bættri veiðiaðstöðu
2. Verkefna sem styðja rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim

Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

IV. UMSÓKNARFRESTUR 1. MARS ÁR HVERT

Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði skal senda stjórn sjóðsins fyrir 1. mars ár hvert. Umsóknir sem berst eftir 1. mars eru ekki teknar fyrir á tilteknu ári.

V. MAT Á UMSÓKNUM

Fiskræktarsjóður lýtur fimm manna stjórn sem sjávarúvegs- og landbúnaðarráðherra skiptar til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Stjórnin er því skipuð aðilum sem

leggja faglegt mat á umsóknirnar. Metið er hvort umsækjandi muni stuðla að eflingu fiskræktar, bættri veiðiaðstöðu eða styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti úr þeim.

Við mat á umsóknum er lögð áhersla á mikilvægi og nýnæmi með tilliti til fiskræktar, bættrar veiðiaðstöðu og rannsókna í ám og vötnum og með hvaða hætti afrakstur verkefnisins geti aukið verðmæti. Einnig er horft til hæfni umsækjenda til að leysa verkefnið, þekkingu, reynslu, aðstöðu og raunhæfni áætlana (verk-, kostnaðar- og fjármögnunaráætlun). Þá skal horft til þess hvort verkefnin séu í þágu almennra hagsmuna.

Við mat á umsóknum styðst Fiskræktarsjóður við lög nr. 72/2008 og lána- og úthlutunarreglur þessar.

Fiskræktarsjóður flokkar umsóknir í fimm flokka:

- a. Styrkhæf umsókn sem uppfyllir mjög vel kröfur sjóðsins – afburða gott verkefni
- b. Styrkhæf umsókn sem uppfyllir vel kröfur sjóðsins – mjög gott verkefni
- c. Styrkhæf umsókn sem uppfyllir kröfur sjóðsins – gott verkefni
- d. Umsókn sem uppfyllir ekki gæðakröfur sjóðsins
- e. Verkefni utan verksvið sjóðsins

Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þyki þess þörf. Jafnframt er heimilt að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

VI. EFTIRLIT

Fiskræktarsjóður getur farið fram á að styrkþegi sýni fram á að fjármögnun verkefnisins sé í samræmi við umsókn áður en til greiðslu styrks kemur. Fiskræktarsjóður gerir ráð fyrir eftirfylgni með þeim verkefnum sem hann hefur stutt. Styrkahfar þurfa að gera grein fyrir verkefnum sínum, komi til úttektar sem nær til verkefna þeirra.

VII. ÚTHLUTUN

Ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum eru háðar samþykki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með vísan til 1. gr. laga nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð.

Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnarsýslulaga.

VIII. UPPLÝSINGASKYLDA FISKRÆKTARSJÓÐS

Þar sem um opinberan sjóð er að ræða telur Fiskræktarsjóður sér skylt að upplýsa á opinberum vettvangi um þá styrki sem hann veitir. Almennt munu upplýsingarnar þó takmarkaðar við upplýsingar um nafn viðtakenda, fjárhæð, heiti verkefnis og markmið. Aðrar upplýsingar í umsóknum er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni umsækjenda og annarra lögaðila er tengjast verkefnum á vegum Fiskræktarsjóð verður hins vegar farið með sem trúnaðarmál.